

Nr. 18/1997. Þriðjudaginn 18. nóvember 1997.
Starfsmannafélag ríkisstofnana
f.h. Haraldar B. Arngrímssonar
 (Gestur Jónsson hrl.)
 gegn
ríkissjóði Íslands
 (Einar Karl Hallvarðsson hdl.)

Kjarasamningur. Dvalarkostnaður.

Dómur Félagsdóms.

Málið dæma Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Guðni Haraldsson og Guðmundur Skaftason.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. þ.m., var þingfest 26. september sl.

Stefnandi er starfsmannfélag ríkisstofnana (SFR), kt. 620269-3449, Grettisgötu 89, Reykjavík, f.h. Haraldar B. Arngrímssonar, fangavarðar á Litla-Hrauni, kt. 161251-2839, Lóurima 27, Selfossi.

Stefndi er ríkissjóður Íslands, kt. 550169-2829, Arnarhvoli, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda:

Aðallega að viðurkennt verði með dómi að stefnandi eigi, skv. gr. 4.1. og 4.2. í viðauka nr. 7 við kjarasamning ríkissjóðs við SFR, sbr. 2. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 11/1996, rétt til að fá greiddar kr. 7.250 á dag í dvalarkostnað vegna gistingar og fæðis í 48 daga meðan hann sótti nám í Fangavarðaskólanum í Reykjavík á tímabilinu 17. febrúar 1997 til 16. maí 1997.

Til vara að viðurkennt verði með dómi að stefnandi eigi, skv. gr. 4.1. og 4.2. í viðauka nr. 7 við kjarasamning ríkissjóðs við SFR, sbr. 2. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 11/1996, rétt til að fá greiddar kr. 4.834 á dag í dvalarkostnað vegna gistingar og fæðis í 48 daga meðan hann sótti nám í Fangavarðaskólanum í Reykjavík á tímabilinu 17. febrúar 1997 til 16. maí 1997.

Þá er þess krafist, að stefndi greiði stefnanda málskostnað skv. gjaldskrá Lögmannna Mörkinni 1 sf. vegna meðferðar máls þessa fyrir Félagsdómi, þ.m.t. kostnað stefnanda af virðisaukaskattskyldri lögmannsþjónustu.

Endanlegar dómkröfur stefnda.

Aðallega að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Til vara að einungis verði viðurkenndur réttur Haraldar B. Arngrímssonar til að fá greiddar 583 kr. á dag í dvalarkostnað vegna fæðis í 46 daga meðan hann sótti nám í Fangavarðaskólanum í Reykjavík á tímabilinu 17. febrúar til 16. maí 1997.

Til þrautavara að einungis verði viðurkenndur réttur Haraldar B. Arngrímssonar til að fá greiddar 1.750 kr. á dag í dvalarkostnað vegna fæðis í 46 daga meðan hann sótti nám í Fangavarðaskólanum í Reykjavík á tímabilinu 17. febrúar til 16. maí 1997.

Í öllum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt mati Félagsdóms.

Málavextir.

Stefnandi býr á Selfossi og er fangavörður við fangelsið að Litla-Hrauni. Hann er félagsmaður í Starfsmannafélagi ríkisstofnana. Tímabilið 17. febrúar til 16. maí 1997 sótti hann nám við Fangavarðaskólann, en skólinn er starfræktur á vegum Fangelsismála-stofnunar ríkisins. Á tímabilinu var páskafrí í eina viku þannig að skólinn telst hafa staðið í 12 vikur eða 84 daga. Virkir kennsludagar í Reykjavík voru að sögn stefnanda 48 en 12 á Eyrarbakka. Stefnandi telur kennsludaga í Reykjavík hafa verið 46 en ekki 48. Kennsla fór fram í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg mánudaga til fimmtudaga og í félagsheimilinu á Eyrarbakka á föstudögum samkvæmt stundaskrá. Kennslustundir voru 38 á viku, auk matarhléa og umtalsverðrar heimavinnu, sbr. framlagða stundatöflu. Það nám, sem hér um ræðir, er svokallaður bóklegur hluti grunnnáms fangavarða, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 11/1996 um skilyrði þess að vera ráðinn fangavörður og um menntun fangavarða. Í reglugerðinni er að finna ýmis ákvæði um nám fangavarða og skipulag Fangavarðaskólans. Í 2. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar segir:

Þátttakendur sem sækja grunnnám, framhaldsnám, sérnámskeið, endurmenntunarnámskeið eða stunda yfirmannánám skulu halda föstum launum, þ.e. föstum mánaðarlaunum og vaktaálagi. Þá skulu þeir fá greiddan dvalarkostnað sé heimili þeirra og vinnustaður utan höfuðborgarsvæðisins. Dvalarkostnaður skal greiddur skv. ákvörðun ferðakostnaðarnefndar, en reiknast nú 2/3 af dagpeningum ríkisstarfsmanna á ferðalögum innanlands.

Viðauki nr. 7 með gildandi kjarasamningi SFR og ríkissjóðs er samkomulag sem SFR f.h. fangavarða og fjármálaráðherra f.h. ríkis-

sjóðs gerðu þann 30. maí 1986. Í grein 4 eru ákvæði um launakjör fangavarda í tengslum við nám í Fangavardaskólanum. Eru þau svohljóðandi:

„4. Fangavardaskólinn.

4.1. Fangaverðir sem stunda nám í Fangavardaskóla ríkisins eða sækja fræðslu eða þjálfunarnámskeið að beiðni forstöðumanns fangelsis, skulu halda föstum launum og vaktaálagi.

Fangaverðir, sem af þessum sökum þurfa að búa fjarri heimili sínu skulu fá greiddan ferðakostnað til og frá heimili sínu við upphaf og lok námstímabils. Auk þess eina slíka ferð á seinni hluta Fangavardaskólans.

4.2. Þeir skulu ennfremur fá greiddan hæfilegan dvalarkostnað samkvæmt mati nefndar, sbr. kafla 5.7. í kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra frá 1. febrúar 1987.“

Ofangreint ákvæði kjarasamningsins hefur frá upphafi verið framkvæmt þannig að fangaverðir, sem unnið hafa á Litla-Hrauni og eiga heimili í nágrennasveitarfélögum þess, t.d. Selfossi og Þorlákshöfn, hafa fengið greiddan gisti- og fæðiskostnað vegna námsdvalar í Reykjavík þegar þeir stunda nám við Fangavardaskólann, en skólinn hefur allt til þessa árs einungis verið haldinn í Reykjavík. Hefur kostnaðargreiðslan verið fyrir hvern dag frá því skóli hefst og til þess dags er skóla lýkur. Kostnaðargreiðslan hefur jafnt komið fyrir helga sem rúmhelga daga. Greiddir hafa verið dagpeningar sem nema 2/3 af dagpeningum sem greiddir eru ríkisstarfsmönnum á ferðalögum innanlands (gisting og fæði í einn sólarhring), eins og þeir eru ákvæðnir og auglýstir af ferðakostnaðarnefnd. Ekki eru almennt greiddir fullir dagpeningar hjá ríkinu þegar verið er að greiða dagpeninga fyrir langan samfelldan dvalartíma á sama stað. Er litið svo á að þeir sem rétt eigi til dagpeninga geti dregið úr daglegum dvalarkostnaði sínum þegar dvöl verður samfelld á sama stað og því eru greiddir 2/3 hlutar fullra dagpeninga við þær aðstæður.

Í málinu er lögð fram yfirlýsing Jóns Inga Jónssonar, fangavardar á Litla-Hrauni, sem býr á Selfossi. Hann sótti nám í Fangavardaskólanum haustið 1992. Skólinn mun hafa staðið frá 30. september 1992 til 18. desember 1992. Eins og fram kemur á launayfirliti Jóns frá þessum tíma fékk hann greidda dagpeninga í 79,8 daga. Greiðslan nam kr. 4.800 á dag, en sú fjárhæð er 2/3 af „gistingu og fæði í einn sólarhring“ eins og það var ákvæðið af ferðakostnaðarnefnd á

þeim tíma. Engin krafa var gerð til þess að nemendur legðu fram kvittanir til þess að sýna fram á dvalar- og fæðiskostnað sinn, enda mun slíkt ekki tíðkast þegar greiddir eru dagpeningar.

Þegar Fangavarðaskólinn hóf starfsemi sína fyrir á þessu ári hafði sú breyting verið gerð að námið fór fram í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg mánudaga til fimmtudaga. Á föstudögum var kennt á Eyrarbakka. Á fyrsta degi skólans voru nemendur upplýstir um að breyta ætti því fyrirkomulagi varðandi dagpeningagreiðslur sem gilt hafði. Eftir það tilkynntu forsvarsmenn Fangelsismálastofnunar á fundi með fulltrúum SFR, að ekki væri fyrirhugað að greiða þeim fangavörðum, sem búa fyrir austan fjall, dvalarkostnað meðan þeir sæktu nám í Fangavarðaskólanum, eins og áður hefði tíðkast. Var ákvörðunin rökstudd þannig að fangaverðir þessir þyrftu ekki að búa fjarri heimili sínu til þess að sækja nám í Reykjavík og ættu þeir því ekki rétt til greiðslu dvalarkostnaðar í formi dagpeninga.

SFR mótmælti þegar í stað umræddri ákvörðun og taldi að óbreyttar reglur væru í gildi um greiðslu dvalarkostnaðar og því ætti að greiða dvalarkostnað með sama hætti og gert hefði verið. Þeir fangaverðir, sem í hlut áttu, hafa ekki sætt sig við ákvörðunina. Með bréfi, dags. 14. mars 1997, skoraði lögmaður stefnanda á fangelsismálastjóra að endurskoða ákvörðunina. Í bréfinu var sérstaklega bent á þá venjubundnu framkvæmd, sem að framan er lýst.

Fangelsismálastofnunin hafnaði kröfu SFR að mestu leyti með bréfi, dags. 7. apríl 1997. Í bréfinu segir m.a. eftirfarandi:

Fangaverðir á Litla- Hrauni sem stunda nám í Fangavarðaskólanum búa ekki fjarri heimili sínu vegna þess og þurfa þess sannanlega ekki. Vegna náms í Fangavarðaskólanum er þeim greiddur ferða- og dvalarkostnaður í samræmi við kjarasamninga og tímalengd ferðar í hverju tilviki.

Með vísun til framanritaðs telur Fangelsismálastofnun að fangaverðir á Litla-Hrauni eigi ekki rétt á greiðslum umfram það sem þeir nú fá vegna náms í Fangavarðaskólanum.

Við útborgun launa í júní 1997 greiddi stefndi fangavörðum hins vegar það sem nefnt er á launaseðli „dvalarkostnaður innanlands“. Á launaseðli stefnanda sést að honum voru greiddar kr. 56.016 í dvalarkostnað, þ.e. kr. 1.167 á dag í 48 daga. Fjárhæðin mun þannig fengin að miðað er við fæðiskostnað í hálfan dag skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 4/1996 og greiddir 2/3 hlutar þeirrar fjár-

hæðar ($1.750 \times 2/3 = 1.167$). Greitt er fyrir þá 48 daga sem kennsla fór fram í Reykjavík. Ekkert er greitt fyrir þá daga sem kennslan var á Eyrarbakka og ekkert er greitt fyrir helgarnar. Nemendur utan af landi sem búa ekki fyrir austan fjall fengu greiddar kr. 4.834 ($2/3 \times 7.250$) í dagpeninga í 84 daga fyrir að sækja Fangavarðaskólann. Fangavörður sem búsettur er á Akureyri fékk greiddar kr. 406.056 í dvalarkostnað fyrir að sækja Fangavarðaskólann en stefnandi fékk greiddar kr. 56.016 af sama tilefni.

Stefnandi telur að vegna þess að kennsla í Fangavarðaskólanum fór í viku hverri bæði fram í Reykjavík og á Eyrarbakka, þá eigi hann, auk dvalarkostnaðarins, rétt til greiðslu vegna ferðakostnaðar milli Selfoss og Reykjavíkur fram og til baka í viku hverri þann tíma sem skólaganga hans stóð, sbr. gr. 4.2. í viðauka nr. 7 með kjarasamningnum. Í máli þessu er ekki gerð dómkrafa af þessu tilefni, en áskilnaður gerður í því efni verði ferðakostnaðurinn ekki greiddur.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Aðalkrafa stefnanda er á því byggð að honum beri að fá greiddan fullan dvalarkostnað skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar úr hendi stefnda samkvæmt áður nefndum viðauka nr. 7, greinum 4.1. og 4.2., sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 11/1996, fyrir þá daga sem Fangavarðaskólinn var haldinn í Reykjavík. Ekki virðist lengur vera ágreiningur við stefnda um að stefnandi eigi rétt til dvalarkostnaðar fyrir umrædda daga heldur virðist ágreiningurinn vera um fjárhæð dagpeninganna og hvort greiða skuli fulla dagpeninga eða tvo þriðju.

Fyrir kröfum sínum færir stefnandi fram þessi rök:

- a) Ákvæði gr. 4.1. og 4.2. í viðaukanum hafi frá upphafi verið framkvæmd þannig að fangaverðir, sem búa fyrir austan fjall, hafi verið taldir falla undir þau og þeir átt rétt til greiðslu dvalarkostnaðar sem miðast við sólarhrings gistingu og fæði. Komi þetta fram í framlögðum skjölum. Fyrir hendi hafi verið skýr og ágreiningslaus venja um framkvæmd kjarasamningsákvæðisins þegar stefnandi hóf nám við Fangavarðaskólann. Stefnandi hafi mátt treysta því, að greiðslur dvalarkostnaðar yrðu með sama sniði og áður hefði verið.
- b) Því er mótmælt að stefndi hafi getað einhliða, eftir að stefnandi hóf nám sitt, breytt túlkun á kjarasamningsákvæðinu um greiðslu dvalarkostnaðar.

- c) Skilningur stefnanda á kjarasamningsákvæðinu sé í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 11/1996 um skilyrði þess að vera ráðinn fangavörður og um menntun fangavarda. Reglugerðin er sett með stoð í 30. gr. laga nr. 48/1988 um fangelsi og fangavist. Í 12. gr. hennar er kveðið á um greiðslu dvalarkostnaðar, m.a. vegna grunnnáms. Sé þar skilyrðislaust kveðið á um það að þátttakendur skuli fá greiddan dvalarkostnað „sé heimili þeirra og vinnustaður utan höfuðborgarsvæðisins“. Reglugerðarákvæði þetta sé til skýringar og fyllingar á umræddum samningsákvæðum og renni enn frekari stoð undir skilning stefnanda, enda geti heimili stefnanda að Lóurima 27, Selfossi, ekki talist vera innan „höfuðborgarsvæðisins“.
- d) Stefnandi bendir á að upplýst sé að fangavörður sem búsettur er á Akureyri fékk greiddan gisti- og fæðiskostnað í 84 daga meðan hann sótti nám við Fangavardaskólann. Að mati stefnanda ber að meta dvalarkostnað hans í Reykjavík út frá sömu forsendu og Akureyringsins.
- e) Kröfur stefnanda miðast við að hann fái greiddan dvalarkostnað sem nemi gisti- og fæðiskostnaði í Reykjavík þá daga sem skólahald var í Reykjavík, þ.e. í 48 daga. Ekki er gerð krafa um greiðslu dvalarkostnaðar þá daga sem skólinn var haldinn á Eyrarbakka eða um helgar.
- f) Eins og fram komi í málavaxtalýsingunni greiði ríkið ekki fulla dagpeninga vegna gisti- og fæðiskostnaðar þegar um er að ræða langa samfellda vist starfsmanns á sama stað. Sé lítið svo á að starfsmaður geti dregið úr kostnaði við slíkar aðstæður og því greiddur hluti (2/3) fullra dagpeninga. Aðalkrafa stefnanda miðast við að greiddir séu óskertir dagpeningar skv. ákvörðun ferðakostnaðarnefndar þá daga sem skólinn stóð í Reykjavík. Krafa miðast við að ekki sé ástæða til að greiða einungis hluta fullra dagpeninga þegar dvölin í Reykjavík varð ekki samfelld eins og áður hafði verið eða var í tilviki Akureyringsins sem sótti Fangavardaskólann á sama tíma.

Þá bendir stefnandi á að í ákvæðum gr. 4.1. og 4.2. í framangreindum viðauka sé ekki getið um það, að dvalarkostnaður skuli aðeins reiknast 2/3 af dagpeningum ríkisstarfsmanna á ferðalögum innanlands, eins og fyrrgreint reglugerðarákvæði kveði á um. Reglugerðarákvæðið sé sýnilega sett út frá þeirri

forsendu að öll starfsemi Fangavarðaskólans sé í Reykjavík. Reglugerðarákvæðið komi ekki í veg fyrir að í kjarasamningi sé samið um rýmri rétt starfsmanni til handa, eins og gert sé í áður nefndum ákvæðum gr. 4 í viðaukanum. Telur stefnandi að af þessum ástæðum beri að taka aðalkröfu hans um óskertan dvalarkostnað til greina.

- g) Varakrafa stefnanda er byggð á sömu rökum og að framan greinir nema hvað miðað er við að greiddir séu 2/3 hlutar dagpeninga fyrir hvern dag sem skólinn stóð í Reykjavík.

Krafa um málskostnað er reist á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Í kjarasamningi aðila, er var í gildi á þeim tíma sem máli skiptir, sé ákvæði viðauka nr. 7 svo sem lýst sé í stefnu, en um dvalarkostnað sé það eitt sagt í ákvæðinu að fangaverðir sem stunda nám í Fangavarðaskólanum skuli fá greiddan hæfilegan kostnað samkvæmt mati nefndar og sé þar átt við ferðakostnaðarnefnd. Ferðakostnaðarnefnd hafi tekið afstöðu til greiðslu dvalarkostnaðar til nema í Fangavarðaskólanum svo sem lýst sé í bréfi hennar frá 13. janúar 1993 þess efnis að greiða eigi 2/3 hluta dagpeninga. Ferðakostnaðarnefnd hafi auk þess ákveðið með reglulegu millibili upphæð dagpeninga ríkisstarfsmanna á ferðalögum innanlands, en þar hafi verið gerður greinarmunur á gistingu annars vegar og fæði hins vegar. Ákvarðanir ferðakostnaðarnefndar séu þannig fram settar í auglýsingum hennar að dagpeningar séu kostnaðargreiðslur og sé þeim skipt niður í kostnaðarliði eftir tímalengd ferða og eðli kostnaðarins, einkum með tilliti til þess hvort um sé að ræða gistingu eða fæði, nema um hvort tveggja sé sannanlega að ræða. Sé afstaða og auglýsingar ferðakostnaðarnefndar hluti af kjarasamningi aðila, en til ákvarðana nefndarinnar sé vísað í honum. Stefndi hafnar alfarið þeirri túlkun, sem byggt virðist á í stefnu, að í öllum tilvikum beri gagnrýnislaust að greiða dagpeninga samkvæmt 1. lið í auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 4/1996, þ.e. fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring. Vísi kjarasamningurinn til allra fjögurra liðanna í ákvörðun ferðakostnaðarnefndar eftir því sem einstakar ferðir gefi tilefni til. Í tilviki Haraldar vegna skólasóknar hans sé ekkert komið fram sem gefi tilefni til að miða við aðra hámarksfjárhæð en þá sem

greinir í 4. lið auglýsingar nefndarinnar, þ.e. vegna fæðis í hálfan dag þar sem ferðalag sé minnst 6 tímar en ekki umfram 10 tíma.

Ósannað sé að Haraldur B. Arngrímsson hafi einhverju sinni gist í Reykjavík eða borið kostnað vegna þess á tímabilinu frá 17. febrúar til 16. maí vegna skólahaldsins. Þá sé ekki sannað að hann hafi orðið fyrir kostnaði vegna fæðis umfram það sem greiddir dagpeningar að fjárhæð 1.167 kr. fyrir hvern dag nægðu til að mæta. Af þessum ástæðum telur stefndi að sýkna beri af öllum kröfum stefnanda. Beri að túlka orðin hæfilegur dvalarkostnaður í kjarasamningi þannig að með því sé átt við kostnaðargreiðslur vegna sannaðs kostnaðar, en ákvarðanir ferðakostnaðarnefndar um fjárhæð þeirra lúti að hámarki slíkra greiðslna. Stefndi telur að skýra beri ákvæði kjarasamnings aðila í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 11/1996, um skilyrði þess að vera ráðinn fangavörður og um menntun fangavarda. Virðist stefnandi að þessu leyti sömu skoðunar. Þótt dvöl Haraldar í Reykjavík virðist ekki hafa verið samfelld verði að telja að fæðiskostnaður horfi þar eins við og því hafi verið rétt að greiða honum 2/3 hluta þeirra dagpeninga í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 11/1996. Þá reglu megi rekja allt til ársins 1974 er ferðakostnaðarnefnd ákvað að dagpeningar lögreglumenna, sem stunduðu nám við Lögregluskóla ríkisins, skyldi vera 2/3 hlutar fullra dagpeninga ríkisstarfsmanna á ferðalögum innanlands á vegum ríkisins. Virðist þá hafa verið miðað við þá nemendur sem dveldu í Reykjavík í nokkrar vikur fjarri heimili sínu. Sé greiðsla 2/3 hluta dagpeninga til Haraldar einnig í samræmi við ákvarðanir ferðakostnaðarnefndar frá 1993 og útskýringar nefndarinnar í bréfi hennar, dags. 6. febrúar 1997.

Um lagastoð reglugerðar nr. 11/1996 vísast til 30. gr. laga nr. 48/1988 um fangelsi og fangavist, svo og um kjarasamningsbundna stoð á greiðslu 2/3 hluta dagpeninga til ákvörðunar ferðakostnaðarnefndar frá 13. janúar 1993. Til hliðsjónar vísar stefndi ennfremur til ákvæða 2. og 3. gr. reglna nr. 39/1992 um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins og 25. gr. laga nr. 92/1955 um laun starfsmanna ríkisins. Ennfremur er vísað til 39., sbr. 47. gr., og 3. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Þeim fullyrðingum er mótmælt að ákvæðum kjarasamnings um dagpeninga hafi verið breytt einhliða af stefnda. Hafi nemanda einhverju sinni verið greiddir dagpeningar umfram það sem kjara-

samningsbundið tilkall stóð til geti það ekki talist ágreiningslaus venja og ekki skapað þeim félagsmanni stefnanda sem dómkröfur lúta að einstaklingsbundinn rétt á grundvelli kjarasamnings. Stefndi sé óbundinn af frávikum eins og því sem gengið sé út frá í tilviki Jóns Inga Jónssonar. Hafi hann ekki gist í Reykjavík á námstíma sínum virðist sem um mistök hafi verið að ræða með greiðslu þeirra dagpeninga sem hann fékk. Enn síður verði borin saman við réttarstöðu Haraldar aðstaða Akureyrings, sem sótti nám í Fangavarðaskólanum í Reykjavík, en harla ólíklegt sé að hann hafi ferðast á milli landshluta dag hvern vegna skólahalds hér í borg. Af hálfu stefnda er áréttað það sem fram kemur í bréfi forstjóra fangelsismálastofnunar að fyrirkomulag á greiðslum vegna dvalar- og ferðakostnaðar fangavarða á Litla-Hrauni hafi verið kynnt við skólasetningu þann 17. febrúar 1997.

Framsetning kröfugerðar af hálfu stefnanda sé með þeim hætti að krafist sé viðurkenningar á því að tiltekinn félagsmaður eigi „rétt til að fá greiddar kr. 7.250 á dag í dvalarkostnað vegna gistingar og fæðis í 48 daga meðan hann sótti nám í Fangavarðaskólanum í Reykjavík á tímabilinu 17. febrúar til 16. maí 1997“. Sé varakrafa sama efnis nema að því er varðar fjárhæð. Kröfuna megi skilja sem kröfu um greiðslu tiltekinna fjárhæðar í skilningi d- liðar 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sem ekki heyri að réttu lagi undir Félagsdóm samkvæmt ákvæði 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Stefndi krefst þess til vara, ef um aðfararhæfa skuldakröfu er að ræða Haraldi B. Arngrímssyni til handa, að aðeins verði viðurkenndur réttur hans til 583 kr. í 46 daga þar sem þegar séu greiddar 1.167 kr. (1.750-1.167) og er þá miðað við að Haraldur hafi átt rétt til óskertra dagpeninga vegna fæðis í hálfan dag hvert sinn, sbr. 4. lið í auglýsingu ferðakostnaðarnefndar. Kennsludagar í Reykjavík virðist samkvæmt stundatöflu hafa verið 46, en ekki 48. Beri að líta á kröfu stefnanda sem viðurkenningar-kröfu um skilning á kjarasamningi, beri aðeins að taka hana til greina í samræmi við þrautavarakröfu stefnda þannig að viðurkennt sé að Haraldi hafi átt að greiða 1.750 kr. á dag vegna fæðis í 46 daga meðan námið stóð, þ.e. tímabilið 17. febrúar til 16. maí 1997. Í því tilviki hafi þegar verið uppfyllt að stærstum hluta sú skylda sem krafist er viðurkenningar á. Framangreindum varakröfum til stuðnings er á því byggt að Haraldur hafi ekki gist í Reykjavík umrætt

tímabil vegna námsins og því bresti stoð fyrir kröfu stefnanda að því leyti sem hún tekur til dagpeninga sem ætlað er að mæta raunverulegum gistikostnaði.

Af ofangreindum ástæðum er bent á að málið eigi hugsanlega að sæta frávísun ex officio þar sem kröfugerð sé þess eðlis að eiga fremur undir almenna dómstóla verði sakarefnið skilið svo að um skuldamál sé að ræða. Í annan stað er bent á að frávísun kunni að varða þar sem ákvæði kjarasamnings aðila verði að túlka sem svo að um hafi verið samið að ferðakostnaðarnefnd ætti úrlausn um einstök tilvik eða vafaatriði við ákvörðun dagpeninga einstakra starfsmanna. Virðist sem lyktir viðurkenningarkröfu í Félagsdómsmálinu nr. 6/1997 bendi til þess að máli stefnanda beri að vísa frá Félagsdómi. Verði talið að málið heyri réttilega undir Félagsdóm að svo komnu þótt sakarefnið varði í raun aðeins einstaklingsbundinn rétt Haraldar B. Arngrímssonar til dagpeninga og sem ekki hafi stefnda vitanlega verið skotið til ferðakostnaðarnefndar, telur stefndi að leggja verði til grundvallar það mat ferðakostnaðarnefndar sem fyrir liggur í ákvörðunum hennar frá 13. janúar 1993 og bréfi frá 6. febrúar 1997.

Til stuðnings kröfum um málskostnað er vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 65. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Niðurstaða.

Stefnandi höfðar mál þetta fyrir Félagsdómi með vísan til 3. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Hann byggir meðal annars á því að fyrir hendi sé skýr og ágreiningslaus venja við framkvæmd kjarasamnings um greiðslu dvalarkostnaðar fangavarða við grunnám við Fangavardaskólann. Aðilar eru sammála um að afstaða og auglýsingar ferðakostnaðarnefndar séu hluti af kjarasamningi aðila en til ákvarðana nefndarinnar er vísað í honum.

Fallist er á það með stefnanda að krafa hans sé viðurkenningar-krafa enda er þess ekki krafist að stefndi greiði stefnanda ákveðna fjárhæð, heldur einungis að réttur til ákveðinnar fjárhæðar sé til staðar. Þannig á mál þetta undir dómvald Félagsdóms og verður því efnisdómur lagður á mál þetta.

Samkvæmt auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 4 1996 skyldu

dagpeningar ríkisstarfsmanna á ferðalögum innanlands frá 1. október 1996 vera sem hér segir:

- | | | |
|---|-----|--------|
| 1. Gisting og fæði í einn sólarhring | kr. | 7.250 |
| 2. Gisting í einn sólarhring | kr. | 3.750 |
| 3. Fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag | kr. | 3.500 |
| 4. Fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag | kr. | 1.750. |

Af hálfu stefnanda er þess aðallega krafist að viðurkenndur verði réttur hans til greiðslu dagpeninga, er samsvarar fjárhæð skv. 1. tl. í ofangreindri auglýsingu, þá daga sem Haraldur B. Arngrímsson stundaði nám við Fangavardaskólann. Til vara að viðurkenndur verði réttur til 2/3 hluta þeirrar fjárhæðar.

Stefnandi hefur þegar greitt stefnanda kr. 1.167 kr. á dag eða 2/3 hluta þeirrar fjárhæðar er um getur í 4. tl. auglýsingar ferðakostnaðarnefndar og krefst því sýknu. Til vara krefst hann að einungis verði viðurkenndur réttur til kr. 583 á dag sem er mismunur á þeirri greiðslu er þegar hefur verið innt af hendi og fjárhæð skv. 4. tl. Til þrautarvara að einungis verði viðurkenndur réttur til kr. 1.750 á dag.

Ágreiningslaust er með aðilum að stefnandi eigi rétt til greiðslu dagpeninga. Hins vegar greinir þá á um fjárhæð þeirra. Af hálfu stefnda er á því byggt að stefnandi eigi ekki rétt til dagpeninga skv. 1. tl. í auglýsingu ferðakostnaðarnefndar. Við mat á fjárhæð þeirra verði að taka tillit til þess kostnaðar er stefnandi hafi haft af dvöl sinni og þar sem sýnt hafi verið fram á að stefnandi hafi sjaldnast gist í Reykjavík á meðan á námi stóð, heldur ekið heim til sín, þá eigi hann einungis rétt á dagpeningum skv. 4. tl. í auglýsingu nefndarinnar.

Stefnandi byggir hins vegar aðallega á því að þar sem Haraldur búi sannanlega utan höfuðborgarsvæðisins þá eigi hann rétt á dagpeningum skv. 1. tl. í auglýsingu nefndarinnar og styður þá kröfu við venju og áralanga framkvæmd. Aðalkrafa stefnanda er á því byggð að þar sem ekki hafi verið um að ræða samfellda skólavist í Reykjavík á skólatímanum, þá beri stefnanda óskertir dagpeningar skv. 1. tl.

Í viðauka 7 í kjarasamningi aðila er ákvæði um ferða- og dvalarkostnað fangavarda er stunda nám við Fangavardaskólann. Samkvæmt tl. 4.2. skulu þeir fá greiddan hæfilegan dvalarkostnað skv. mati ferðakostnaðarnefndar, meðan á námi stendur. Í bréfi ferðakostnaðarnefndar, dags. 13. janúar 1993, til dóms- og kirkjumála-

ráðuneytisins kemur fram sú ákvörðun nefndarinnar „að tilhögun dagpeningagreiðsla fyrir fangaverði utan af landi, sem sækja þurfa námskeið í fangavarðaskólanum í Reykjavík skuli vera sú sama og gilt hefur fyrir lögregluskólanema allt frá árinu 1974 er ferðakostnaðarnefnd úrskurðaði í sambærilegu máli varðandi lögregluskólanema.“ Í ákvörðun ferðakostnaðarnefndar frá 27. nóvember 1974 vegna dvalarkostnaðar lögreglumanna sem stunda nám í Lögregluskóla ríkisins er tekið fram að dagpeningar „skuli vera 2/3 hlutar fullra dagpeninga ríkisstarfsmanna á ferðalögum innanlands á vegum ríkisins“. Þessa ákvörðun staðfesti ferðakostnaðarnefnd með bréfi sínu, dags. 22. október 1986. Í bréfi ferðakostnaðarnefndar, dags. 6. febrúar 1997, til formanns skólanefndar fangelsiskólans segir svo m.a.: „Það er álit ferðakostnaðarnefndar að fyrri ákvörðun nefndarinnar um að greiða beri 2/3 dagpeninga vegna dvalarkostnaðar fangavarda í endurmenntunarnámi skuli vera óbreytt.“

Stefnandi hefur lagt fram gögn er sýna að fangaverðir er búa úti á landi, þ.á.m. á Selfossi, hafa fengið greiddan frá stefnda 2/3 hluta dagpeninga skv. 1. tl. í auglýsingu ferðakostnaðarnefndar fyrir þann tíma er þeir stunduðu nám við Fangavarðaskólann. Af framburði vitnisins Guðmundar Gíslasonar, forstöðumanns fangelsa á höfuðborgarsvæðinu og fyrrum skólastjóra Fangavarðaskólans, má ráða að þessi háttur hafi verið hafður á a.m.k. frá árinu 1986.

Samkvæmt framansögðu verður almennt að byggja á því að við slíkar aðstæður, sem í máli þessu greinir, beri fangavörðum 2/3 af dagpeningum ríkisstarfsmanna á ferðalögum innanlands svo sem þeir eru ákveðnir af ferðakostnaðarnefnd á hverjum tíma. Það breytir ekki niðurstöðu þessari að einn dag í viku hverri var kennt á Eyrarbakka en ekki í Reykjavík.

Kemur þá til skoðunar hvort aðstæður stefnanda í námi því sem í málinu greinir eigi að leiða til annarrar niðurstöðu.

Fyrir liggur að stefnandi gisti ekki í Reykjavík meðan á náminu stóð nema í undantekningartilfellum, heldur valdi að jafnaði að aka daglega milli heimilis og námsstaðar. Fram hefur komið hér fyrir dómi, m.a. í skýrslu Guðmundar Gíslasonar forstöðumanns fangelsa á höfuðborgarsvæðinu, sem hafði umsjón með framkvæmd fangavardaskólans, að áður en til þeirrar breytingar kom á dagpeningum, sem er tilefni máls þessa, hafi fangavörðum verið greiddir 2/3 fyrrgreindra dagpeninga án tillits til þess hvort gist var í raun eða ekki.

Pegar til þessarar framkvæmdar er litið verður ekki talið að sú breyting á greiðslum dagpeninga, sem fyrst var tilkynnt við skóla-setningu í febrúar 1997, fái samrýmst venjubundinni framkvæmd framangreinds kjarasamningsákvæðis og fyrrgreindum ákvörðunum ferðakostnaðarnefndar.

Samkvæmt framansögðu þykir bera að taka varakröfu stefnanda til greina og þykja ekki efni til annars en miða við 48 daga enda hefur við það uppgjör, sem fram hefur farið við stefnanda, verið miðað við þann dagafjölda.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt að stefndi greiði stefnanda 100.000 krónur í málskostnað og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Viðurkennt er að stefnandi eigi samkvæmt grein 4.1. og 4.2. í viðauka nr. 7 við kjarasamning ríkissjóðs við SFR rétt til að fá greiddar kr. 4.834 á dag í dvalarkostnað vegna gistingar og fæðis í 48 daga meðan hann sótti nám í Fangavarðaskólanum í Reykjavík á tímabilinu 17. febrúar 1997 til 16. maí 1997.

Stefndi, ríkissjóður Íslands, greiði stefnanda, Starfsmannafélagi ríkisstofnana f.h. Haraldar Arngrímssonar, 100.000 krónur í málskostnað.
